

## Upplýsingafundar Búmannna hsf. 27. nóvember 2017

Haraldur Finnsson, formaður Reykjavíkurbæjar Búmannna bauð fundarmenn velkomna og gaf Gunnari Kristinssyni, formanni Búmannna orðið.

### 1. Sameining leigufélagsins við Búmenn.

Gunnar upplýsti að af þeim 68 eignum sem settar voru í leigufélag í eigu Búmannna eru einungis 16 íbúðir eftir. Ríflega 20 íbúðir hafa verið seldar út úr félaginu, flestar í Hveragerði, eða 18 og 3 á Kirkjubæjarklaustri. Aðrar hafa verið seldar sem búseturéttur og þannig komið aftur inn í búmannakerfið. Stimpilgjöld af þessum viðskiptum voru töluverð og mikil hagræðing verður af því að sameina félögin. Það verður gert í samráði við Íbúðalánasjóð og RSK og borið undir almennan félagsfund í byrjun næsta árs.

### 2. Viðhaldsmálin.

Búið er að semja við traustan verktaka um að gera verkáætlun til 3ja ára fyrir viðhald á eignum Búmannna og skal henni skilað í lok mars. Haft verður samráð við formenn félaganna um þetta verkefni. Framlög í viðhaldssjóð miðast við gildandi brunabótamat og eru 0,35%. Búið er að leiðrétta svo að jafnræði ríki meðal félagsmanna en svo var ekki áður. Líklegt er að hækka þurfi þessa prósentu á næstu árum og fara a.m.k upp í 0,5%, enda munu eignirnar þurfa meira viðhald. Í Búseta er gjaldið 0,7% -1,2%

Í viðhaldssjóð á þessu ári hafa runnið rúmar 26 milljónir en búið að greiða rúmlega 32 milljónir fyrir viðgerðir, viðbótin var tekin úr sjóðum félagsins.

Á skrifstofu Búmannna er til gott yfirlit yfir verkefni á hverju svæði og hversu mikið er eftir í sjóði á hverjum stað. Ljóst er að peningarnir duga ekki í öll verkefni og þarf að forgangsraða.

Búseturétthafar geta farið inn á [www.skra.is](http://www.skra.is) og slegið inn númer íbúðar sinnar og reiknað út 0,35% til að sjá hvert gjaldið verður eftir 1. feb 2018

### 3. Stefnumótun:

Formaður og varaformaður hafa rætt við Runólf Smára prófessor í HÍ um að hafa umsjón með stefnumótunarvinnu sem hefja skal á nýju ári. Þar verða félagsmenn líka virkjaðir. Slík stefna verður leiðarljós í áherslum félagsins til framtíðar og aðhaldstæki fyrir stjórnina.

### 4. Skrifstofan

Húsnæðið í Akralind er óhentugt t.d. engin lyfta. Samingurinn er til 1. ágúst 2018 en ef annað húsnæði finnst hjá sama leigusala gæti skrifstofan flutt fyrr.

### 5. Tölur úr bókhaldinu fyrir þetta ár

Gunnar formaður sagði að veltan til 1. sept væri u.þ.b. 640 milljónir, 170 milljónir eru núna í varasjóði, þar af 100 milljónir á sérreikning sem ber 4% vexti. Umsýslutekjur félagsins af sölu íbúða eru 7.7 milljónir, eignir eru 16 milljarðar og skuldir við Íbúðalánasjóð tæpir 13 milljarðar

### 6. Staðan gagnvart Íbúðalánasjóði

Staðan á samningum við sjóðinn er afar góð, búið er að uppfylla allt í samningum og hugsanlegt að félagið losni undan eftirlitssamningi við sjóðinn 2019 í stað 2021 eins og lagt var upp með við endurskipulagningu félagsins.

## **7. Breytingar í starfsmannahaldi og stjórn.**

Úlfar Indriðason, framkvæmdastjóri Búmannanna veiktist alvarlega í upphafi árs og eftir erfiða baráttu við krabbamein lést hann hinn 19. nóvember sl. Það er mikil eftirsjá að Úlfari sem lagði margt gott til málanna þá mánuði sem hann starfaði hjá félaginu og einnig í fyrra starfi sínu hjá Íbúðalánasjóði. Við sendum fjölskyldu hans hlýjar kveðjur. Gunnar formaður hefur sinnt ýmsum sérverkefnum á árinu vegna þessara aðstæðna, s.s. sölu íbúða og fleiru. Hann hefur nú fengið launalaust leyfi frá vinnustað sínum og mun gegna starfi framkvæmdastjóra Búmannanna næstu 6 mánuði. Hann víkur sem formaður á meðan og Áskell Jónsson tekur við formennskunni. Þórður Sveinbjörnsson á Álftanesi kemur í stjórnina.

Fundarmenn lýstu yfir stuðning við þessa ráðstöfun með kröftugu lófaklappi.

Nokkrar fyrirspurnir voru, mest um viðhaldsmálin. 45 félagsmenn sóttu fundinn sem hófst kl. 17 og lauk kl. 18

Unnur Halldórsdóttir  
ritaði fundarg